

Jón Sigurðsson **Liggur þér lífið á?**

Fyrir tæpum tveimur árum hélt höfundur nokkrum sinnum fyrirlestur (30-40 mín.) um umferðarslys undir heitinu “Liggur þér lífið á?” Nú á umferðarþingi 2004 er fyrirlesturinn endurtekinn í stuttri og uppfærðri útgáfu (15 mín.).

Hér á landi látast milli 20 og 30 manns í umferðinni ár hvert. Auk þess hlýtur fjöldi manns varanlegt tjón á líkama og sál. Þar við bætist mikið eignatjón. Áætlað er að umferðarslys kosti þjóðfélagið um 20 milljarða króna á ári. Þótt talsverður árangur hafi náðst með ýmiss konar forvarnastarfi, hlýtur að vera hægt að gera enn betur. Ekki er hægt að sætta sig við þessar miklu fórnir í umferðinni. Og alls ekki má segja að þetta sé bara svona og að ástandið sé ekkert verra hér en í nágrannalöndunum. Augljóst er að hraðakstur er meginástæða alvarlegra umferðarslysa. Hraðinn drepur. Það ætti því að vera hægt að fækka umferðarslysum með því að draga úr hraðanum.